



ECNAIS

Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður SSSK og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, sótti fund ECNAIS (The European Council of National Associations of Independent Schools) í Róm nýverið. Auk hennar sátu fundinn Áslaug Hulda Ólafsdóttir frá Hjallastefnunni og Pétur Guðmundsson frá Skólum ehf. Var góð stemning á fundinum og fulltrúar Íslands voru ánægðir með að hafa þennan vettvang til að skiptast á upplýsingum og efla hagsmunagæsluna.

Vorráðstefna ECNAIS verður haldin í apríl 2010 í Finnlandi og verða nánari upplýsingar birtar á heimasíðu samtakanna þegar nær dregur. Slóð ECNAIS er <http://www.ecnais.org>.

Breytingar á kjarasamningum

Mánaðarlaun aðstoðarfólks allra skóla með mánaðarlaunum undir 220.000 kr. hækkuðu þann 1. nóvember. Lægstu launin hækkuðu um allt að 6.750 kr. en hækkunin var minni hjá þeim sem eru með laun nálægt 220.000 kr. þakinu.

Þessi hækkun nær til allra starfsmanna okkar utan KÍ, ÞÍ og Matvís og tilheyra eftirfarandi stéttarfélagum: Efling, STRV, Hlíf, VSKF, Kjölur, Eining/Iðja. Að óbreyttu hækka laun þessa starfsfólks næst þann 1. júní 2010.

Við hvetjum alla skóla innan SSSK að taka tillit til þessara breytinga strax um þessi mánaðamót.

Spennandi námskeið – samstarf við Opna háskólann



Janúarnámskeiðin okkar verða tvö: Boðið verður upp á „**Fjármál fjölskyldunnar**“ fimmtudaginn 14. janúar fyrir almenna starfsmenn en námskeiðið „**Markmiðasetning og hvatning starfsmanna**“ er í boði fyrir stjórnendur fimmtudaginn 21. janúar og þriðjudaginn 26. janúar (tvískipt). Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á heimasíðu SSSK, [http://www.svth.is/Samtök sjálfstæðra skóla](http://www.svth.is/Samtök_sjálfstæðra_skóla) og svo ættu allir að vera búnir að hengja upp veggspjöldin með upplýsingum um það sem verður í boði á vormisseri. Munið að taka frá daga fyrir fyrstu námskeið næsta árs og senda inn skráningar sem fyrst.

„Skólinn okkar“ kynning á þremur SSSK-skólum fylgir þessu fréttabréfi

Það er mjög ánægjulegt að senda þrjár fyrstu skólakynningar með þessum Fréttapósti. Þrjár SSSK-skólar; Regnbogann leikskóli, Leikskólinn Mánagarður og Heilsuleikskólinn Krókur hafa brugðist skjótt við hvatningu um að kynna sínar áherslur. Aðrir skólar eru hvattir til að senda skrifstofunni kynningarefni um skólana fyrir næstu fréttapósta. Það er gott að hafa í huga „samræmt útlit“.

